

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Alþingi  
Erindi nr. P 128/496  
komudagur. 4.12.2002



2. desember 2002

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um verðmyndun á innfluttu sementi, 32.mál.**

SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu hafa með bréfi dagsettu 18.nóvember sl. fengið tilvitnað þingmál til umsagnar.

Ekki er óalgengt að fram komi á Alþingi óskir um skoðun á ýmsum málum, þ.á.m. á verslun með ákveðnar vörur. Þannig hafa matvörur náð athygli þingsins og hliðstæð mál þar í gangi varðandi skoðun á verði þess vörflokks hér á landi. Þetta mál hlýtur að lúta sömu málsmeðferð og einbeitta vilja til að skoða á faglegan og hlutlausan hátt hvernig verðmyndun á sementi, ekki aðeins innfluttu heldur einnig innlendu ef samanburður á að fara fram á verði, eigi sér stað. Að sjálfu leiðir að ef við slíka skoðun kemur í ljós að eitthvað sé óeðlilegt í þessu ferli þá ber réttum eftirlitsaðilum að grípa inn í málið.

SVÞ leggja ekki gegn því að vönduð fagleg úttekt verði gerð á verðmyndun á sementsmarkaði, en benda á að það mun verða gert óháð lyktum þessarar tillögu þar sem Eftirlitsstofnun EFTA - ESA mun fjalla um kærur Sementsverksmiðjunnar gegn Aalborg Portland A/S sem varða verðmyndun á sementi til Íslands. Það er að mati SVÞ afar mikilvægt að ef sú þingsályktunartillaga sem hér er til umræðu verður samþykkt, að um þetta mál verði fjallað af til þess bærnum yfirvöldum og í samræmi við gildandi samkeppnislög og samninga Íslands um EES. Þar sem Sementsverksmiðjan er ríkisfyrirtæki þarf sérstaklega að gæta þess að óhlutdrægni gæti við verkið. SVÞ benda á að samkeppnisyfirkönd á Íslandi hafa fjallað um kærur Sementsverksmiðjunnar á hendur APÍ og ekki talið ástæðu til þess að grípa til aðgerða. Í úrskurðinum felst að Samkeppnisráð taldi að verðlagning APÍ á sementi hafi ekki verið í andstöðu við ákvæði og tilgang samkeppnislaga. Úrskurðurinn var staðfestur af Áfrýjunarnefnd samkeppnismála.

Því miður hefur stjórnmalabaráttu, bæjarpólitík o.fl. litað umræðu um sementsmarkaðinn og þingmenn og fulltrúar Akranesbæjar og launþegasamtaka þar viðhaft ummæli í ræðu og riti um APÍ og Dani sem betur væru ósögð. Þetta mál er samkeppnismál og verður ekki rekið á öðrum forsendum. Þar skiptir engu hvort Sementsverksmiðjan brennir úrgangsefnum, veitir fólki atvinnu eða eitthvað á móta. Það eina sem skiptir máli er hvort farið sé á svig við samkeppnislög og hvernig ESA metur hegðun seljenda sements á Íslandi samanborið við samninginn um innri markaðinn og þær leikreglur sem þar gilda.

Aalborg Portland A/S hefur ítrekað mótmælt ásökunum um undirboð á markaði og jafnframt lagt umbeðin gögn fyrir ESA. Forstöðumaður samkeppnissviðs Samkeppnisstofnunar hefur upplýst að skammt sé að biða eftir úrskurði ESA. SVÞ leggja áherslu á að beðið verði eftir þessum úrskurði áður en neitt frekar sé aðhafst. Málið leysist e.t.v. með honum.

Að öðru leyti vísast til ítarlegrar umsagnar Aalborg Portland Íslandi hf. dagsett 2.des. 2002.

Virðingarfyllst,

Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri

Borgartúni 35  
IS-105 Reykjavík, Iceland

Tel: +354 511 3000  
Fax: +354 511 3001

svth@svth.is  
www.svth.is